


# Hvað er tvítýngi?

Stjórnun við  
móðurmál  
nemenda  
okkar



**Móðurmál:**  
Það er tungumál foreldra eða foreldris. Barn getur átt fleiri en eitt móðurmál.

## Móðurmál

### – samtök um tvítýngi

Við beitum okkur fyrir móðurmálskennslu fyrir tvítýngd börn og hjálpum foreldrum að stofna hópa þar sem tungumál þeirra eru kennd.

Margir hópar eru í gangi á hverjum tíma og sífellt fleiri tungumál bætast við.

Við viljum líka auka þekkingu á tvítýngi með umræðu og fræðslu.

Viltu vita meira? [www.modurmal.com](http://www.modurmal.com)  
Viltu vera með? [modurmal@hotmail.com](mailto:modurmal@hotmail.com)  
Hafðu samband við okkur! **Erum líka á Facebook**

**Móðurmál** – samtök um tvítýngi í samvinnu við Þjónustumiðstöð Miðborgar og Hlíða og Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar. Þróunarsjóður innflytjendamála styrkti útgáfuna.

### Tvítýngi og fjöltýngi

Börn sem tala eitt tungumál heima hjá sér og annað utan heimilis eru tvítýngd. Þau sem tala tvö eða fleiri tungumál heima og annað utan heimilis eru tvítýngd eða fjöltýngd. Um 70% jarðarbúa eru tvítýngdir og nota fleiri en eitt tungumál í daglegu lífi. Börn geta vel lært tvö tungumál á sama tíma. Sum börn tala íslensku einungis utan heimilisins. Önnur börn alast upp á heimilum þar sem annað foreldrið talar íslensku en hitt eitthvert annað tungumál. Öll eru börnin tvítýngd og styrking þess tungumáls sem ekki er íslenska er mikilvæg fyrir sjálfsmynd þeirra og þroska.

### Öll tungumál barnsins eru mikilvæg

Tungumálið er lykillinn að samskiptum við fjölskylduna bæði á Íslandi og í hinu landinu. Góður málskilningur stuðlar að sterkri sjálfsmynd og að barnið upplifi að það tilheyri bæði menningu og samfélagi foreldra eða foreldris og því íslenska.

Tvítýngd börn eiga auðvelt með að læra önnur tungumál og tungumálaþekking eykur möguleika þeirra í framtíðinni.

# Hvernig styrkja má tvítyngi í kennslunni.

Verið alltaf meðvituð um öll tungumál og menningu nemenda ykkar og fléttið þeim inn í kennsluna eins og hægt er.

## Vekið athygli

á tungumálum nemendanna í skólanum.

## Spilið lög

á fjölmörgum tungumálum.

## Hvetjið alla nemendur

til að leika sér að Google Translate til að skoða hve mikið texti breytist í þýðingu.

## Hvetjið nemendur

til að velta fyrir sér hvað tungumál séu, hvernig maður læri þau, hvernig maður kenni þau, hve mörg tungumál þeir þekki og hvort þeir þekki tungumál sem spiluð eru fyrir þá.

## Útbúið

### veggspjöld

með skrifum nemenda á ýmsum tungumálum.

## Lærið nokkur orð

á tungumálum nemenda og hvetjið bekkinn til þess líka.

## Athugið

### hvort þið

getið fundið fræga einstaklinga sem tala eða töluðu tungumál sem nemendur skólans eiga að móðurmáli.

## Spyrjið

### nemendur

hvort þeir þekki á öðrum tungumálum heiti yfir hin ýmsu hugtök sem notuð eru í kennslunni.

## Skoðið ásamt

### nemendum

hvað er líkt með tungumálunum sem eru töluð af nemendum bekkjarins eða skólans.

## Kennið nemendum

hvernig þeir geta nýtt sér tungumálin sem þeir kunna til að læra fleiri tungumál.

## Vekið athygli allra

nemenda á hve mikilvægt það sé að kunna tungumál.